

Ed.

232. Nefndarátt

um frumvarp til laga um framlenging á gildi laga 3. ágúst 1914, um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póst-ávisunum.

Vjer undirritaðir, er hin háttvirta efri deild hefir falið að athuga ofan-nefnt frumvarp, höfum nú rætt það og ihugað.

Þær sömu ástæður eru enn fyrir hendi, eins og þær sem upphaflega gáfu tilefni til þess að nefnd lög frá 3. ágúst f. á. voru sett, með því að Norðurlfu-ófríðurinn stendur enn yfir og óvíst hve nær honum lýkur; fyrir því er sama þörf sem þá til þess, að landssjórnin hafi heimild til að gera þær ráðstafanir, er lög-in ræða um; vjer viljum því, í trausti þess að nefnd heimild verði þó eigi notuð frekar en full nauðsyn er til, ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frum-varpið óbreytt.

Efri deild Alþingis, 5. ágúst 1915.

Karl Finnbogason,
formaður.

Eiríkur Briem,
skrifari og framsögum.

Kristinn Danielsson.